

Ed.

149. Frumvarp til laga

um fiskiðjuver ríkisins á Ísafirði.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Ríkið lætur reisa fiskiðjuver á Ísafirði, er unnið geti úr 120 tn. af fiski (hráefni) á sólarhring.

2. gr.

Til byrjunarframkvæmda samkv. 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka lán innanlands f. h. ríkissjóðs að upphæð allt að 6 millj. kr.

3. gr.

Stjórn fiskiðjuverksins skal skipuð 3 mönnum. Yfirstjórn þess er í höndum hennar, og skal hún hafa aðsetur og varnarþing á Ísafirði og meiri hluti stjórnarinnar vera þar búsettur. Tveir stjórnendur skulu skipaðir af ráðherra eftir tilnefningu bæjarstjórnar Ísafjarðar, en einn án tilnefningar. Atvinnumálaráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar og endurskoðenda. Til þess að skuldbinda fiskiðjuverið þarf undirskrift tveggja stjórnenda. Stjórnin ræður framkvæmdarstjóra, er hefur á hendi daglega stjórn fiskiðjuversins og umsjón

með rekstrinum. Hann annast og sölu afurðanna í samráði við stjórnina. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir fyrirtækið og skuldbindur það eftir reglum um prókúru, sé ekki öðruvísi ákveðið. Stjórnin ákveður starfssvið framkvæmdastjórans og laun.

4. gr.

Endurskoðendur skulu vera tveir, skipaðir af ráðherra, og skal annar þeirra a. m. k. vera búsettur á Ísafirði.

5. gr.

Til allra meiri háttar framkvæmda skal jafnan leita samþykkis ráðherra og leggja fyrir hann ýtarlega greinargerð og kostnaðaráætlun.

6. gr.

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldum fiskiðjuversins, nema heimild sé veitt til þess á Alþingi.

7. gr.

Fiskiðjuverið tekur fisk til vinnslu af framleiðendum, en heimilt skal þó að kaupa fisk ákveðnu verði, ef atvinnumálaráðherra samþykkir það. Stjórn fiskiðjuversins semur við útgerðarmenn í samræmi við það ákvæði þessarar greinar, sem við á í hvert sinn.

8. gr.

Eigendum þess fisks, sem tekinn er til vinnslu, skal greitt söluverð hans að frádrögnum kostnaði sem hér segir:

1. Stjórnarkostnaði og öðrum venjulegum rekstrarkostnaði, þar með taldir vextir af stofnkostnaði.
2. Afborgun af stofnkostnaði, svo sem um er samið við lánsstofnanir eða ríkissjóð.
3. A. m. k. 2% fyrningargjald af húsum og 5% af vélum og áhöldum.
4. 5% í varasjóð. Við afhendingu til vinnslu greiðist 85% af áætluðu verði. Verði verð afurðanna meira en nægir til þess að greiða áætlað verð, skal þeim hagnaði skipt á milli útgerðarmanna, er lagt hafa inn fisk til vinnslu, og fiskiðjuversins í réttu hlutfalli við það aflamagn, sem keypt hefur verið og tekið til vinnslu. Fiskiðjuverið fær ágóðann af þeim hluta, er keyptur hefur verið, en útgerðarmenn af þeim, er lagður var til vinnslu.

9. gr.

Nú æskir félag útgerðarmanna að eignast fiskiðjuverið. Skal það þá um leið leggja fram fisk þann, er það lætur þangað til vinnslu, og skal þá auk þess frádráttar, er fyrir er mælt um í 8. gr., dragast frá 5% af innlögðum fiski þeirra í stofnsjóð. Þegar stofnsjóður nemur 34% af kostnaðarverði fiskiðjuversins, tekur félagið við stjórn þess, eignum og skuldbindingum.

10. gr.

Reikningsár fiskiðjuversins er almanaksárið. Stjórnin skal gera reikningsskil svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en svo, að endurskoðun geti verið lokið fyrir 1. júlí ár hvert. Skulu reikningarnir áritaðir af endurskoðendum, síðan sendir ríkisstjórninni ásamt skýrslu stjórnarinnar. Reikningarnir skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

11. gr.

Fiskiðjuverið greiðir ½% af brúttóandvirði seldra afurða ár hvert til bæjar sjóðs, þó ekki yfir 25% af útsvörum bæjarins það ár. Það greiðir ekki útsvar né tekju- og eignarskatt.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það kemur æ betur í ljós, að öryggi og afkomu útgerðarinnar er ekki borgið til lengdar, nema hún eigi sjálf sem bezt og fullkomust tæki til að vinna góða og fjölbreytta vöru úr öllum aflanum. Þessi leið hefur verið farin með sildaraflann og hefur þar gefizt vel.

Að nokkru leyti hefur smám saman verið farið inn á sömu braut um alla fiskframleiðslu og byggðar stöðvar af ýmsum stærðum og gerðum til þess að vinna að meira eða minna leyti úr aflanum. Enn á það þó langt í land, að þar sé eins vel á veg komið og um sildaraflann.

Þegar ríkið hóf byggingu sildarverksmiðja, var hafizt handa á Siglufirði og reistar þar sildarverksmiðjur, vegna nálægðar Siglufjarðar við sildarmiðin.

Sú hefur orðið reyndin með sildarverksmiðjur, að þær verksmiðjur séu hagkvæmastar, sem eru stærstar og fullkomnastar.

Eins er talið, að þessu muni háttáð um fiskiðjuver. Ef reisa á stórt fiskiðjuver og eins fullkomið og kostur er, hefur Ísafjörður líkasta aðstöðu um nálægð við fiskiðin og Siglufjörður um nálægð við sildarmiðin. Þar er þó einn munur á Ísafirði í hag, að sildveiði er stunduð nálægt Siglufirði aðeins um 3 mánuði ár hvert, en fiskveiðar nálægt Ísafirði 9—12 mánuði á ári.

Stofnkostnaður fiskiðjuvers af þessari stærð er svo mikill, að ekki eru neinar líkur til, að tók séu á að afla svo mikils fjár á Ísafirði og hægt sé að leggja fram tilskilið framlag samkv. lögnum um stofnlánasjóð sjávarútvegsins. Ber margt til þess. Ísfirðingar hafa lagt hart að sér til þess að fá til bæjarins 1 togara og 5 af hinum svokölluðu Svíþjóðarbátum. Þeir vildu líka og ætluðu að leggja fram allan þann hagnað, sem var von um, að þeir fengju af sildveiðum síðastliðið sumar, sem framlag til væntanlegs fiskiðjuvers, en nú brást sú von sem kunnugt er. En þörfin á fiskiðjuveri á Ísafirði er hins vegar svo aðkallandi, að enga bið þolir, að hafizt sé handa um að reisa það. Enda mun fiskiðjuver hvergi betur sett en þar, þar sem líkur eru til, að það gæti starfað allt árið, og ávallt haft glænýjan fisk til vinnslu. Því til sönnunar má getta þess, að Ísafjörður mun vera eini staðurinn á landinu, þar sem fisktökuskip fengu hátafisk allt árið um kring, undanfarin ár, meðan fiskurinn var fluttur þannig nýr til útlanda. Að reisa minna fiskiðjuver en hér er gert ráð fyrir væri óráð, þvert á móti er sjálfsagt að gera þegar í upphafi ráð fyrir, að stórlega þurfi að auka það í náinni framtíð.